

**Nd.**

## **8. Frumvarp til laga**

um viðauka við bráðabirgðalög frá 20. ágúst 1945, um verðlagningu landbúnaðar-  
afurða o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 64. löggjafarþingi, 1945.)

1. gr.

Aftan við 1. tölulið 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Verðlag á nýmjólk má ákveða mismunandi eftir því hvort hún er seld frá  
mjólkurbúum eða beint frá framleiðendum til neytenda, enda verði þá verðmun-  
urinn greiddur úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, visast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um viðauka við bráðabirgðalög frá 20. ágúst 1945,  
um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að nauðsyn beri til, að verðlagsnefnd landbúnaðarafurða fái skýlausa heimild til þess að ákveða mismunandi verð á nýmjólk, eftir því hvort hún er seld frá mjólkurbúi eða beint frá framleiðendum til neytenda, enda verði þá verðmunurinn greiddur úr ríkissjóði. Framleiðendur, sem láti mjólk sína í mjólkurbú, þar sem unnið er úr miklum hluta hennar, þurfi hærra verð fyrir neytlumjólkina heldur en þeir framleiðendur, sem selja mjólkina alla beint til neytenda.

Með því að ég fellst á, að brýn nauðsyn sé á því að setja bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Aftan við 1. tölulið 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Verðlag á nýmjólk má ákveða mismunandi eftir því hvort hún er seld frá mjólkurbúum eða beint frá framleiðendum til neytenda, enda verði þá verðmunurinn greiddur úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. september 1945.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

Pétur Magnússon.